

SAMÞYKKT**um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Eyjafjarðarsýslu,
nr. 155 30. júní 1943.**

1. gr.

35. gr. orðist svo:

Að öðru leyti gilda ákvæði umferðarlaga og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Í Hríseyjarkauptúni skal þó sú sérregla gilda að hámarkshraði í kauptúninu verði 40 km á klst. Gildir hámarkshraði þessi innan svæðis sem afmarkast að sunnanverðu af vegamótum Austurvegar milli Bjargs og Hafnarvíkur, en að norðanverðu við gatnamót Norðurvegar og Lambhagavegar.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, nr. 107 8. maí 1935, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. október 1986.***Jón Helgason.***Ólafur W. Stefánsson.*

Nr. 421

REGLUGERÐ

8. október 1986

um breyting á reglugerð nr. 353/1984, um Orðabók Háskólans.

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Stjórn Orðabókar Háskólans skal hafa á hendi yfirstjórn Orðabókarinnar á vegum rektors og háskólaráðs. Hún skal skipuð fimm mönnum, kosnum til fjögurra ára í senn. Einn þeirra skal vera forstöðumaður Orðabókarinnar en aðrir kosnir af háskólaráði. Einn stjórnarmanna skal kosinn úr hópi sérfræðinga Orðabókarinnar að fengnum tillögum þeirra og þrír að fengnum tillögum heimspekideildar. Rektor skipar einn þeirra þriggja formann stjórnarinnar og ákveður þóknun til hans að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins. — Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti nema atkvæði falli jöfn, þá ræður atkvæði formanns.

2. gr.

Síðari málsgr. a-liðar 6. gr. orðist svo:

Forstöðumaður skal halda fundi með sérfræðingum stofnunarinnar tvisvar á ári um starfsáætlun og oftast ef þurfa þykir um þau verkefni sem stofnunina varða. Heimilt er að kveðja formann orðabókarstjórnar á slíka fundi. Samþykktir slíkra funda skulu bornar undir orðabókarstjórn ef þær varða valdsvið hennar.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um Háskóla Íslands, nr. 77/1979, 36. gr., sbr. 64. gr. háskólareglugerðar, nr. 78/1979, og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 8. október 1986.***Sverrir Hermannsson.***Árni Gunnarsson.*